

Fundargerð – stjórn foreldrafélags Hofstaðaskóla 12. febrúar 2025

Viðstaddir: Helga Rut, Helga Rún, Amit og Sigrún Stefanía.

Dagskrá:

1. Páskabingó

- Farið var yfir verkefnalista sem Helga Rún deildi á facebook-síðu stjórnarinnar. Rætt var um hvaða verkefni þyrfti að ráðast í, innan hvaða tímamarka og hver ber ábyrgð á umræddu verkefni.
- Ákveðið var að halda stöðufund um eða eftir miðjan mars. Amit bókar.

2. Félagsmiðstöð fyrir 7. bekk.

- Rætt var um félagsmiðstöðina sem er búið að koma á fót fyrir 7. bekk, í aðstöðu Regnbogans. Starfið hefur gefist vel og var rætt um hvort hægt væri að styrkja starfsemi með einhverjum hætti. Ákveðið var að heyra í Hafdísí varðandi það. Helga Rut hefur samband við Hafdísí og kemur á Teams-fundi.

3. Malarbílastæði við skólann

- Rætt var um hættur tengdar bílastæðinu en ólíklegt er að stæðið uppfylli öryggiskröfur. Afla þarf upplýsinga um stöðuna á málinu hjá Hafdísí, áður en mögulega verður sent bréf á bæinn vegna þessa. Verður rætt á Teams-fundi með Hafdísí.

4. Grunnstöð

- Rætt var um Grunnstöð en engin virkni hefur verið í þeim félagsskap í allan vetur, þrátt fyrir ítrekuð samskipti inn á facebook-síðu hópsins. Ljóst er að bænaskjali frá skólunum frá 2024 hefur ekki verið fylgt eftir gagnvart bænum þó rétt sé að geta þess að sum málanna varðandi Hofstaðaskóla hafa komist í framkvæmd, s.s. endurskipulagning skólalóðarinnar, félagsstarf fyrir hluta miðstigsins og mögulega aukinn tæknibúnaður. Þó var rætt um að ef bréf verður sent á bæinn vegna malarbílastæðisins, sé mögulega ástæða til að árétta einhver af þeim atriðum sem bent var á í bænaskjalinu í fyrra.